

## Ályktun 42. þings BSRB um félagsmál

Skuldastaða heimilanna hefur verið áhyggjuefni um langt árabíl. Þegar árið 2004 birti BSRB skýrslu þar sem fram kom að skuldir íslenskra heimila væru mun hærrí en tíðkast í öðrum löndum og full ástæða til að takast á við það vandamál. Skömmu síðar gerðist það að aðgengi almennings að lánsfjármagni jókst verulega. Afleiðingarnar þekkja allir. Fasteignaverð hækkaði umtalsvert á næstu árum og skuldir margfölduðust. Heimilin voru því mjög illa í stakk búin til að mæta efnahagsáföllum síðustu missera.

Afleiðingar hrunsins fyrir stöðu heimilanna eru ógnvænlegar: Stórfellt atvinnuleysi, rýrnandi kaupmáttur, frosinn fasteignamarkaður og lækkanði verð fasteigna. Samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands er stór hluti heimila með slæma eða neikvæða eiginfjárstöðu. Ljóst er að ef ekkert verður að gert mun fjöldi þeirra aukast hratt.

Frá 1. janúar 2008 hafa gengistryggð lán hækkað um rúmlega 92% m.v. gengisvísitölu og verðtryggð lán um tæplega 25%. Þessi þróun kallar á róttækar almennar aðgerðir ef sættir eiga að nást í samfélaginu. Mikilvægt er að heimilunum verði bættur þessi skaði. BSRB leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til að koma til móts við lántakendur með það að markmiði að lækka greiðslubyrði heimilanna. Á það jafnt við um verðtryggð lán og gengistryggð. Þá leggur þingið til að gengistryggð lán verði leiðrétt þannig að höfuðstóll miðist við gengisvísitölu í janúar 2008 og þeim breytt í verðtryggð lán. Endurskoða þarf vísitöluútreikninga þannig að hann taki mið af neysluvenjum eftir efnahagshrunið til að þau viðmið séu marktæk. Þá telur BSRB mikilvægt að skattahækkanir hafi ekki áhrif á neysluvísitöluna. Framtíðarsýn BSRB er að landsmenn búi við stöðugan gjaldmiðil. 42. þing BSRB krefst þess að Alþingi finni lausn á greiðsluvanda heimilanna og að settur verði lagarammi sem eykur ábyrgð lánveitanda og kemur í veg fyrir skuldsetningu umfram upphaflega veðsetningu. Þing BSRB telur á þessum válegu tímum sé lífsspursmál að setja ný lög um gjaldþrot og lúkningu skulda í því skyni að auka rétt lántakanda.

Þörf er á árangursríkum sértækum aðgerðum fyrir þá sem verst eru staddir. Í því sambandi má nefna að 1. nóvember nk. mun frysting uppboða á fasteignum falla úr gildi. Mikilvægt er að frystingin verði framlengd svo að heimilum gefist áfram tækifæri til að leysa úr skuldavanda sínum samhliða aðgerðum ríkisins þeim til aðstoðar.

Íbúðalánasjóður hefur um langt árabíl verið mikilvæg stoð við einstaklinga við íbúðakaup. Með lánveitingum stuðlar sjóðurinn að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu. Mikilvægt er að tryggja grundvöll sjóðsins og að hann verði áfram í eigu ríkisins enda hefur hann margsannað gildi sitt.

Þingið bendir á að nú standa auðar um 2000 fullbúnar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og um 900 íbúðir í byggingu, fyrir utan húsnæði í samskonar ástandi víða um landið. Hætt er við að lánin af byggingu þessa húsnæðis falli með einum eða öðrum hætti á ríkið. Því er lag að mynda nú loks almennan húsaleigumarkað í landinu sem yrði til mikilla hagsbóta fyrir alþýðu manna. Skorar 42. þing BSRB á stjórnvöld að leggjast á árarar í þessum efnunum.

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá júní síðastliðnum er lögð áhersla á að vinna að tillögum um það hvernig bæta megi stöðu skuldsettra heimila. Jafnframt er þar lögð áhersla á stöðugleika á vinnumarkaði til að eyða óvissu og skapa skilyrði til endurreisnar. Mikilvægt er að stöðugleikasáttmálinn verði ekki misnotaður til launajöfnunar niður á við.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í félagsmálum:

- BSRB leggur til að gripið verði til almennra aðgerða til að koma til móts við lántakendur með það að markmiði að lækka greiðslubyrði heimilanna.
- Mikilvægt er að tenging lána við vísitölu neysluverðs verði afnumin í náninni framtíð.
- Tryggður verði grundvöllur Íbúðalánasjóðs sem lánveitanda í eigu ríkisins.
- Tekið verði tillit til vaxandi þarfa á almennum húsaleigumarkaði.
- Landsmenn búi við stöðugt hagkerfi og áreiðanlegan gjaldmiðil.